

höfuðstólinn. Breyta má þessum hlutföllum ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Samkvæmt gjafabréfinu er stjórn minningarsjóðsins í höndum stjórnar Hafnarborgar og skal hún tilnefna eða auglýsa eftir tilnefningum vegna úthlutunar viðurkenningarinnar. Stjórnin tilnefni einnig þann listamann er hanni viðurkenningargripinn hverju sinni.

7. gr.

Reikningar minningarsjóðsins er almanaksárið. Forstöðumaður Hafnarborgar innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokun hvers reikningsárs og skal reikningurinn endurskoðaður af sömu aðilum og ársreikningar Hafnarborgar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana texta gjafabréfsins, skipulagsskrána, úthlutun viðurkenninga, fundasamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna enda liggi fyrir einróma samþykki stjórnar. Ef til þess kemur að sjóðurinn verði lagður niður renna eignir hans til Hafnarborgar og er þá stjórnar að ákveða hvernig þeim yrði ráðstafað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Stanley Carter.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Stanley Carter. Hann er stofnaður af vinum og samstarfsmönnum á Íslandi til heiðurs honum á 80 ára afmæli hans, 22. nóvember 1992.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Hagkaups hf. að fjárhæð kr. 920.000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Íslendinga til framhaldsnáms í viðskipta- og verslunarfræðum í Bretlandi. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins er vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Hofs sf. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta skipti til 22. nóvember 1994.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reiknings-ár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. nóvember 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.